




Reykjavík, 31. mars 2026
USK25120301

Norðurpóll / Hlemmur, Laugavegur 109 Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / Breyting á deiliskipulagi

Lögð er fram fyrirspurn Argos ehf, dags. 18. desember 2025, um breytingu á gólfkóta og að koma fyrir skábraut að gólfi við inngang glerviðbyggingar hússins Norðurpóll, flutningshúss, sem ætlunin er að flytja á lóðina nr. 109 við Laugaveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Norðurpóll

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingarnar Laugavegi 109 borgarhluta 4. Laugardalur og er hluti af svæði Miðborg.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Hlemm og nágrenni, umferðarskipulag og stækkun Hlemmtorgs, samþykkt í skipulags- og samgönguráði Reykjavíkur þann 11. mars 2020 og í borgarráði þann 19. mars 2020 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 7. apríl 2020.

Umsögn

Norðurpóll er einlyft timburhús með risi og stórum kvisti sem snýr til suðurs og timburstiga sem tengir saman allar hæðir. Guðmundur Hávarðsson lét byggja húsið 1904 á spildu úr Rauðarártúni og rak þar veitingahús og ferðamannaverslun til 1907 en svipaður rekstur var í húsinu til 1915. Rakei Ólafsdóttir eignaðist húsið 1916 og setti á það kvistinn á framhlið þess. Árið 2009 flutti Minjavernd húsið fyrir Reykjavíkurborg vegna nýbyggingar sem fyrirhuguð var og eftir nokkra viðkomustaði var því að lokum komið fyrir á Ártúnshöfða. Árið 2014 tók Minjavernd við húsinu til eignar, fjármagnar endurgerð þess og hefur unnið að aðhæfingu þess að nýju deiliskipulagi sem kennt er við Hlemm. Nýbygging er úr stáli og gleri. Glerhúsið er tengt við vesturgafi timburhússins og saman mynda þau eina heild á einum steiptum kjallara sem er að mestu niðurgrafinn. Í húsinu verður veitingarekstur, kaffihús í flokki II. Sorpgeymslur eru utan húss og lóðar á borgarlandi skv. samkomulagi við Reykjavíkurborg. Heimild verður til útiveitinga sunnan við húsið allt að 8 m frá húsvegg, skv. samkomulagi við Reykjavíkurborg.



Reykjavík




Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á breytingu á gólfkóta hússins Norðurpóll, sem er talin nauðsynleg þar sem um gamalt járnklætt timburhús er að ræða, en frágangur vatnsbrettis og klæðninga yrði kauðalegur ef haldið er í gólfkóta skv. deiliskipulagi.

Einnig er óskað álits á útfærslu útisvæðis við húsið og skábraut upp að gólfi við inngang glervíðbyggingar.

Svar:

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við breytingu á gólfkóta húss. Hins vegar er neikvætt tekið í útfærslu á útisvæði og skábraut næst húsi skv. uppdráttum, þar sem hún samræmist ekki hönnunarstefnu torgsins og veikir sjónræna heild þess. Sú útfærsla sem sýnd er á uppdrætti er ekki í samræmi við hæðarlegu torgsins og fyrirhuguð skábraut dregur úr notagildi þess með því að minnka svæði til setu og dvalar. Útfærsla skábrautarinnar gæti truflað flæði milli gangandi vegfarenda, hjólastólanotenda og þeirra sem dvelja á útisvæðinu sunnan við húsið og skapað hættu á öngpveiti og árekstrum.



Skýringarmynd sýnir tillögu Argos ehf. sem fylgdi með fyrirspurninni.

Niðurstaða

- Jákvætt er tekið í fyrirspurn um breytingu á gólfkóta hússins Norðurpóll en tekið er neikvætt í fyrirhugaða skábraut með vísan til framangreindar umsagnar. Hinsvegar mun Reykjavíkurborg leggja til hönnun að nýrri hæðaraðlögun að Norðurpól sem skapar aukið rými til dvalar og tengist betur torginu og viðburðum þess.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólavía Rún Grímsdóttir



Reykjavík